

Stafræn borgaravitund – Hópavinnu - Umræður

Hver hópur velur sér verkefni til að vinna. Þegar eitt verkefni er búið veljið þið annað og svo koll af kolli eins og tími vinnst til. Spurningarnar eru fyrst og fremst til að kveikja umræður um viðfangsefnið.

Skrifið niður nokkra punkta úr umræðum í ykkar hópi, t.d. rök með og á móti og hvernig hægt er að vinna með þessi álitamál með nemendum.

1. Reglur

Skólareglur þurfa að ná yfir spjaldtölvur í skóla rétt eins og annað. Gilda almennar skólareglur og eru þær kannski nóg?

- Má taka iPada af nemendum?
 - Í skóla
 - Heima
 - Í hvaða tilvikum þarf þess?
 - <https://www.barn.is/frettir/2015/01/reglur-um-snjallsima-i-skolum/>

2. Myndbirtingar

Dæmi a

Með almennri útbreiðslu snjalltækja þá hafa myndatökur og myndbirtingar aukist til muna. Það verður til þess að myndir birtast af einstaklingum í óþökk þeirra eða særa blygðunarkennd þeirra sem á horfa.

Lesið þessa frétt:

<http://www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/dreifdu-mynd-af-banaslysi-vid-raudhola-a-facebook>

Í henni stendur m.a.: „Myndirnar af slyssað voru fjarlægðar af Facebook eftir að í ljós kom að um banaslys var að ræða.“

Af hverju voru myndirnar fjarlægðar? Sjáum við ekki oft í fréttum myndir af dónu fólki? Hér er nýlegt dæmi: <http://www.visir.is/drengnum-sem-drukknadi-var-neitad-um-haeli-i-kanada/article/2015150909607>

Eða gilda önnur lögmál um útlendinga?

Dæmi b

Vissir þú að ef þú ætlar að setja myndir af unglíngnum þínum á Facebook þá þarftu að spyrja hann um leyfi? Hvaða reglur gilda um myndbirtingar?

Hér er mikið og gott efni um myndbirtingar: <http://www.heimiliogskoli.is/fyrir-foreldra/birting-upplýsinga-og-myndefnis-af-bornum-og-notkun-samfelagsmidla/>

Viðmið um myndbirtingar á heimasíðum grunn- og leikskóla Kópavogsbæjar:

<http://www.kopavogur.is/media/pdf/Myndbirting-a-heimasidum.pdf>

Sjálfspróf um myndir á netinu <http://faduja.is/tolum-um-internetid-og-raunveruleikann/>

3. Höfundarréttur

Höfundarréttarmál koma ítrekað upp og sitt sýnist hverjum. „Ég má taka það af því að ég get það“ er viðhorf sem heyrst oft. Píratar hafa verið gagnrýndir fyrir að taka ekki nógu skýra afstöðu í þessu máli.

Lesið þessa frétt og rennið yfir athugasemdirnar. Þar sýnist sitt hverjum:

<http://eyjan.pressan.is/silfuregils/2015/09/17/vandraedaleg-afstada-pirata-gagnvart-thjofnadi/>

Það þarf að upplýsa almenning betur að það telst þjófnaður þegar fólk deilir höfundarvörðu efni og við kennarar verðum að uppfræða okkar nemendur.

Þessi mál eru ekki einföld og ekki til eitt rétt svar en við verðum að reyna að finna lausn þannig að listamenn fái greitt fyrir verk sín með réttmætum hætti.

Vissir þú að til skamms tíma þá var afmælissöngurinn „Hann/hún á afmæli í dag“ undir höfundarrétti?

<http://kjarninn.is/2015/09/hofundarrettur-afmaelissongsins-ogiltur/>

4. Verslun og viðskipti

Langar þig í nýjan iPhone? Ekkert mál, bara læka og deila.....eða hvað?

Hér er nýleg frétt um fasteignasala sem ætlar að gefa iPhone:

<http://nutiminn.is/svikahrappur-thykist-aetla-ad-gefa-iphone-og-fullt-af-folki-truir-honum/>

Er þetta einsdæmi eða er mikið um svona blekkingar á Facebook?

Hvað gengur þeim til sem bjuggu þetta til? Skemmtun, hagnaður eða eitthvað annað?

5. Læsi

Maður rekst á ýmislegt á netinu sem maður veit ekki hvort að er satt eða ekki og oft er sannleikurinn lyginni líkastur.

Lesið þessa frétt:

<http://www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/yfirgaf-unnustu-sina-vegna-konu-sem-hann-kynntist-a-netinu-en-ekki-er-allt-sem-synist>

Svarið spurningunum og rökstyðjið. Mega vera tvö svör, með og á móti.

Er hún sönn eða ritsmíð blaðamanns?

Ef hún er sönn, hvernig stendur á því að fullorðinn einstaklingur lætur plata sig svona?

Hvernig myndir þú/þið vinna með þessa frétt með ykkar nemendum?

6. Öryggi

Gúgglaðu sessunaut þinn og reyndu að finna einhverjar upplýsingar sem þú getur misnotað.

- Fundið mynd í ákveðnum aðstæðum sem hægt væri að misnota, t.d. að skrifa texta.
- Ummæli sem hægt er að snúa út úr eða setja í ósæmilegt samhengi.
- ??

